

Alþingi, efnahags- og  
viðskiptanefnd  
Ágúst Geir Ágústsson  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

### Efni: Lagafrumvarp - Meðlög

Vísað er til bréfs hv. efnahags- og viðskiptanefndaar, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra (þskj. 150 - 150. mál). Í tilefni af frumvarpi þessu vill ríkisskattstjóri leyfa sér að benda á að embættið sendi háttvirtri nefndar umsögn, dags. 19. apríl 2002, um efnislega samhljóða frumvarp á síðasta þingi. Í umsögn embættisins þá sagði svo:

"Þann 11. apríl sl. barst ríkisskattstjóra erindi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis varðandi hjálagt frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna. Erindið var sent ríkisskattstjóra til umsagnar.


Í nefndu frumvarpi er m.a. lögð til sú breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, að afnumin verði skattlagning á öllum meðlagsgreiðslum, hvort sem um er að ræða einfalt, tvöfalt eða jafnvel margfalt meðlag. Samkvæmt núgildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt telst tvöfalt meðlag (meðlag sem nemur fjárhæð tvöfalds barnalífeyris skv. 14. gr. laga um almannatryggingar) skattfrjálst, en er skattlagt eftir það.

Ákvæði laganna sem hér er lögð til breyting á er í raun meginákvæðið um tekjur, þ.e. það ákvæði sem hefur að geyma tekjuskilgreiningu laganna. Tekjuskattlagning á Íslandi byggir á mjög víðu tekjuhugtaki og almennt er varasamt að þrengja það vegna fordæmisáhrifa og framkvæmdaerfiðleika sem það kann að skapa. Eins og fyrr er getið eru meðlagsgreiðslur sem nema tvöfaldri fjárhæð barnalífeyris ekki skattskyldar tekjur samkvæmt gildandi lögum. Rökin á bak skattfrelsi meðlagsgreiðslna byggja almennt á meginsjónarmiðum um fjármunatilfærslur á milli aðila innan grunnfjölskyldueiningar. Tekjurnar eru þannig skattlagðar þegar til þeirra er unnið af meðlagsgreiðanda, en ráðstöfun til móttakanda telst ekki til tekna vegna tengsla aðila. Er þannig verið að tryggja einsköttun tekna sem varið er til meðlagsgreiðslna og er þannig varið til að standa straum af framfærslukostnaði fjölskyldu. Erlendis er misjafnt hvort skattbyrðin flyst af meðlagsgreiðandanum yfir á móttakanda teknanna (en þá eru meðlögin skattlögð hjá móttakanda sem nýtur í reynd teknanna en veittur frádráttur hjá greiðanda) eða hvort þau eru skattfrjáls hjá móttakanda eins og hér er lagt til. Það er grundvallarsjónarmið um tekjuskattlagningu á Vesturlöndum að hún byggir á svonefndri meginreglu um greiðslugetu. Í því felst að skattlagning má ekki ganga svo nærri mönnum að greiðslugeta til kaupa á a.m.k. nauðþurftum má ekki skerðast óhæfilega.

Ætla verður að ekki sé hætt á því hér, enda gengið út frá því að í meðlagsúrskurði eða staðfestum samningi um meðlagsgreiðslu sé tekið mið af greiðslugetu meðlagsgreiðanda, m.a. með hliðsjón af að hann greiði skatta af meðlagfénu. Í ljósi þessa gerir ríkisskattstjóri út af fyrir sig engar athugasemdir við framangreindar breytingartillögur."

Ríkisskattstjóri telur forsendur ekki hafa breyst frá því að framanreifuð umsögn var látin í té og vísar því til hennar varðandi afstöðu embættisins til fyrirbyggjandi frumvarps.

Virðingarfyllt  
f. h. ríkisskattstjóra

  
Friðleifur Jóhannsson

  
Bragi Gunnarsson